

5. tímabil bókmenntasögunnar

Hræringur

spurningar

1. Úr hvernig samfélagi sprettur póstmóðernismi? Lýstu vel samfélaginu.
2. Hvaða strauma má finna í myndlist á póstmóðernískum tíma?
3. Skáldsagan er birtingarform póstmóðernisma en hvernig kemur póstmóðernismi fram í bókmenntum? (ýtarlegt svar) Nefndu skáldsögu og höfund hennar sem tilheyrir póstmóðernisma.
4. Að hvaða leyti víkur töfraraunsæi frá raunsæi '68-kynslóðarinnar (sem er tímabilið á undan þessu)? Nefndu dæmi um skáldsögur sem litaðar eru töfraraunsæi og höfunda þeirra.
5. Hvað einkennir verk sem eru skrifuð í töfraraunsæisstíl? (Nefndu a.m.k. 4 atriði).
6. Hvaða íslenskur höfundur er talinn hafa leitt töfraraunsæi inn í íslenskan bókmenntaheim? Nefndu 2 verk eftir hann, önnur en koma fram í bókmenntasögu. (Nýttu þér vefinn bokmenntir.is)
7. Hvað gerir texta „súrrealískan“?
8. Hvað er „Medúsa“?
9. Teldu upp hvað einkennir texta Sjóns? (Sjá t.d. bókmenntasögu og hvað skrifað er um höfundinn á bokmenntir.is)
10. Hvaða virðuleg verðlaun hafa fallið Sjón í skaut og fyrir hvaða verk?
11. Taktu saman eina efnisgrein, 5-7 málsgreinar, um höfundinn Kristínu Ómarsdóttur og verk hennar.
12. . . . hefur skrifað bæði smásögur og skáldsögur. Þegar skáldsögur hans eru skoðaðar má þar finna eina sem kom út árið 1987, *Gangandi íkorni*, önnur kom út árið 1990, *Svefnhjólíð*, sú þriðja, *Næturluktin*, kom út árið 2001 og fjórða skáldsaga höfundar kom út árið 2003. Hún kallast *Hótelsumar*. Smásagnasafnið *Gula húsið* færði höfundi sínum Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2000. Árið 2011 fékk hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir smásagnasafnið *Milli trjáanna*. Hvað heitir höfundurinn?
13. Hvað veistu um höfundinn og myndlistarmanninn Hallgrím Helgason?

14. „Örsögur eða prósaljóð verða meira áberandi en nokkru sinni áður.“ Svo segir í bókmenntasögu þegar fjallað er um tímabil hræringis, eða póstmóðernismann. Útskýrðu hvað er örsaga eða prósaljóð.
15. Fyrir hvað er rithöfundurinn Andri SnærM agnason þekktastur?
16. Hvaða barnabókahöfunda þekkir þú sem gáfu út verk 1980-90? Bera sögur þeirra merki töfraraunsæis? Rök.
17. Rithöfundurinn Gerður Kristný hefur skrifað barnabækur. Taktu saman eina efnisgrein um Gerði og barnabækur hennar.
18. Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur ætti að vera öllum kunn. Nú skaltu fara inn á vefinn bokmenntir.is og næla þér í upplýsingar um rithöfundarferil hennar. Skrifðu um hana 100 orð.
19. Útskýrðu Glerlykilinn og tengdu hann íslenskum höfundi.
20. Hver eru helstu höfundareinkenni Arnalds Indriðasonar og Árna Þórarinssonar?
21. Hver fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin í ár og fyrir hvaða verk?